


Í fyrsta sinn hér heima:

Nína Gautadóttir sýnir á Kjarvalsstöðum í ágúst

Nínu Gautadóttur, vefara, sem búsett er í Frakklandi, hefur verið boðin ókeypis sýningaraðstaða á göngum Kjarvalsstaða í ágústmánuði n.k. Nína hefur aldrei sýnt verk sín hér heima, en tekið þátt í fjölmörgum sýningum erlendis og hlotið margar viðurkenningar. Nú síðast sýndi hún í hópi heiðurslistamanna á göngum UNESCO byggingarinnar í París.

Að sögn Þóru Kristjánsdóttur, listráðunautar Kjarvalsstaða verða verkin á sýningunni í kringum 10, en verk Nínu eru mjög stór, jafnvel 4-5 metrar á lengd unnin í hamp og fleiri grófgerð efni. Sagði Þóra að þeim hefði komið saman um að þau færu best á göngum hússins, ensettir verða upp lausir veggir eftir þörfum. Þar sem mikill flutningskostnaður er vegna sýningarinnar, sem kemur frá París, ákvað stjórn Kjarvalsstaða á fundi sínum 25. mars s.l. að styrkja sýninguna með því að veita aðstöðuna endurgjaldslaust.

—ÁI

á dagskrá



Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Sóknar

» Kjarasamningar á Íslandi eru orðnir þvílíkur frumskógur að þar er allt í flækju. Mér finnst það brýn nauðsyn að við stokkum þá upp og einföldum þá.

Hvar stöndum við?

Engan þarf að undra þó við sem eigum að heita í forsvari fyrir verkalýðshreyfinguna hugsum um það fyrst og síðast þessa dagana, hver verði gangurinn í komandi kjarasamningum.

Þar sem ég er í aðalsamninganefnd A.S.Í. ætti ég kannske eitthvað að vita, en það er satt að segja lítið. Eins og allir vita miðar ekkert í samkomulagsátt. B.S.R.B. er búið að vera með lausa samninga í nærri 9 mánuði og nú virðist gengið út frá því að þeir semji ekki fyrr en í haust. Mér sýnist hvorutveggja, að fjármálaráðherra vilji ekki semja við þá fyrr en við erum búin að semja og þeir í B.S.R.B. séu á sama máli. Ég held að rétt sé að segja þessum mönnum öllum eins og er: Það verður barist fyrir því innan A.S.Í., að ekki verði samið á undan fyrir okkur, nema að fram náist mun meira en krafist er í sameiginlegum kröfum A.S.Í. Þar kemur einkum tvennt til. Sporin frá 1977 hræða og við kærum okkur ekkert um að vera gryla á láglaunahóp BSRB.

Samningamálin eru komin í hnút, og það þarf að höggva á hnútinn, sagði einhver. Ég set hér fram tillögu alveg á eigin ábyrgð.

Ég vil að við í A.S.Í. sameinumst um eina lágmarkskröfu, þá að lægstu laun skuli hækka í 300.000 kr. mánaðarkaup og tímakaup eftir því. Aðrir hópar bíði til septemberloka. Jafnframt þessu skal þrýst á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir að félagsmálakröfur A.S.Í. verði afgreiddar á því þingi, sem nú situr. Jafnframt þessu verði skipuð nefnd, sem hafi það sem aðalstarf fram til hausts að taka alla kjarasamninga í landinu upp á borðið, rannsaka rauntekjur hverrar starfsstéttar fyrir sig, svo og hlunnindi og þann tíma, sem þar liggur á bak við. Í haust verði svo gerðir aðalkjarasamningar yfir allan vinnumarkaðinn, sem byggðir verði á þessum athugunum. Mér er ljóst, að ýmsum líkar illa það sem ég segi, en það verður að hafa það.

Kjarasamningar á Íslandi eru orðnir þvílíkur frumskógur að þar er allt í flækju. Mér finnst það brýn nauðsyn að við stokkum þá upp og einföldum þá. Tortryggni milli starfsstétta er svo mikil að það er óþolandi, og auðvitað fyrst og fremst vatn á myllu atvinnurekenda. Við verðum að horfast í augu við það, að verði ekki allt gert nú til að rétta hlut þeirra verst settu, missa þeir alla trú á að nokkur meini nokkuð með „að lægstu launin skulu hafa algjöran forgang".

Íslenskt launafólk er verr launað en stéttarsystkini á Norðurlöndum. Ég veit ekki hvort launamismunur er meiri, en áreiðanlega eru ýms réttindi lágtekjufólks minni hér en þar. Launamisrétti hér er mikið, og furðulegt að þeir sem telja sig róttækja skuli móðgast, þegar stungið er upp á að jafna það. Enginn þorir að segja upphátt, að erfiðismaður hafi ekki þörf eða löngun til að lifa menningarlífi. Læs maður les, hafi hann tíma, sá sem hefur söngeyra hlustar á músik og sá sem hugsar myndrænt, hefur unun af myndlist. Meinið er, að stritið tekur bæði tímann og þrekið.

Við förum illa með hópa af verkafólki í dag. Verkalýðshreyfingunni ber að rétta hlut þess fyrst og fremst. Og ríkisstjórn, sem segist vilja stjórna í góðri sátt við verkafólk, ber að koma myndarlega til móts við það.

Ég enda þessi orð mín með tilvitnun í ágæta grein Svans Kristjánssonar: Þeir, sem hafa yfir hálfa miljón á mánuði í dag í vinnutekjur, skulu ekki sjá ofsjónir yfir kaupkröfum þeirra, sem lægri laun hafa".

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir

Helgi Seljan:

Sannleikur Jóhönnu — til hvers?

Ekki getur það orðið málefnum þroskaheftra til neins framdráttar að tveir stjórnarmenn úr þeirri nefnd á vegum stjórnvalda, sem um málefni þroskaheftra fjallar, eigi í opinberum ritdeilum.


Þó af ýmsu væri að taka þá mun ég aðeins taka til meðferðar örfá efnisatriði úr grein Jóhönnu Sigurðardóttur í Morgunblaðinu þriðjudaginn 15. apríl. Til hvers sú grein er skrifuð og enn frekar hvers vegna yfirskriftin er „Hafa skal það er sannara reynist" er mér hins vegar illskiljanlegt. Greinin á að vera svar við ýmsu því er ég sagði í viðtali við Þjóðviljann 3. apríl um þessi málefni.

Í engu eru nein efnisatriði leiðrétt, engum tölum hnekkt, allt stendur það óhaggað eftir grein Jóhönnu. Hins vegar eru skemmtilegar dylgjur um breytta afstöðu mína til þessara mála og skiljanleg sárindi út af orði því, er ég notaði um tillögu Jóhönnu við afgreiðslu fjárlaga. — Ég sagði skemmtilegar, því á mig virka þær sem brandari, lélegur að vísu, því ég hefi í engu breytt um afstöðu, hún hefur verið og er skýr, enda hefi ég nú um átta ára skeið alveg sérstaklega skipt mér af þessum málefnum, bæði á þingi og heima í héraði, og tel það ekkert afrek, heldur eingöngu sjálfsagða skyldu mína.

Við Jóhanna eigum áreiðanlega samleið í mörgu og ekki efa ég góðan vilja hennar, en varðandi tillögugerð hennar get ég ekki notað annað orð en í Þjóðviljanum 3. apríl, þ.e. sýndartillögur. Fyrir því liggja rök, sem erfitt er að hrekja, enda nota ég ekki þetta orð að tilefnislausu. Ég segi sýndartillögur vegna þess að flokkur Jóhönnu, og þar með hún sjálf, fékk sitt gullna tækifæri til að sýna sitt rétta andlit í þessum málum.

Sighvatur Björgvinsson lagði fram frumvarp til fjárlaga fyrir sína hönd og Jóhönnu. Mjög hafa kratar af þessu frumvarpi gumað, m.a. talið það tímamótamarkandi fyrirmynd í útdeilingu á fjármagni ríkisins. — Hvað fékk Framkvæmdasjóðurinn margnefndi í frumvarpi Alþýðuflokksins? — Svar: 1020 milj. — Voru þá ekki verkefni frá honum færð og fyrir þeim gert ráð annars staðar? — Svar: Nei hreint ekki. —

Hvar varst þú, Jóhanna mín, þegar Sighvatur var að bauka við þetta merka frumvarp sitt?



Strax og þessi mál komust í hendur ráðherra Alþýðubandalagsins var knúið á um leiðréttingu. Stuttur tími og lítið svigrúm var til, en þó náðist nokkur árangur, ekki er ég að guma af honum í Þjóðviljanum, en mér fannst full ástæða til að benda á hann, enda hrekur Jóhanna það í engu. Samtals var hér um 75 milj. kr. hækkun að ræða beint og að auki nokkrir miljónatugir í viðhaldi vistheimila, sem fært verður nú inn í daggjöld. Hækkunin frá frumvarpi þeirra Sighvats og Jóhönnu nemur því eitthvað á annað hundrað miljónum króna. Þetta vissi Eiður Guðnason og því sat hann hjá við tillögu Jóhönnu, hann vildi nefnilega hafa það er sannara reyndist og var auk þess búinn að lýsa yfir samróma áliti fjárveitinganefndar á því, hvaða verkefni Framkvæmdasjóðurinn skyldi fá.

Hefði Jóhanna komið inn leiðréttingu á sínum tíma hjá Sighvati, þó ekki hefði verið nema um sjáanlega viðleitni að ræða, hefði ég ekki valið tillögu hennar þetta nafn. Því miður hefur hún til þess nafns unnið með því að sýna í engu lit, þegar hún átti þess kost.

Jóhanna eyðir nokkuð löngu máli í upprifjun ræðu minnar á Alþingi í fyrra varðandi Framkvæmdasjóðinn. Þau orð halda sínu fulla gildi, en einnig þau orð, sem Jóhanna ekki rifjar upp, um það hverja skipan fjárveitinga til þessara mála ég telji æskilegasta, þ.e. beinar fjárveitingar, svo sem ég kem að síðar.

En varðandi það, sem Jóhanna vitnar í úr minni ræðu, þá er það jafnljóst þá og nú að ég tel, að vistheimili vangefinna eigi að fá fé úr sjóðnum, úr því sjóður er til staðar.

Ég hefi gagnrýnt aðferðir Fjárlaga- og hagsýslustofnunar til að skerða verðtrygginguna. Ég hefi líka gengið þar hreint til verks og tel mig hafa fulla vissu fyrir því, að þær kúnstir verða ekki endurteknar. Á það benti ég í Þjóðviljanum, sem einn ávinning þessa máls frá því Alþýðubandalagið tók við þeim. En það er heldur ekkert til að guma af og verður ekki gert og var ekki gert.

Auðvitað gerir Jóhanna enga athugasemd hér við frekar en önnur efnisleg atriði í viðtalinu við mig. Ekki hrekur hún samanburðartölur milli ára í neinu, sem skiptir þó höfuðmáli. Ekki hrekur hún hækkunina nú frá frumvarpi flokksbróður síns. Ekki hrekur hún eða gerir athugasemdir við álit fjárveitinganefndar um aukin verkefni miðað við endanlega lagagerð í fyrra, þegar samruni tveggja mismunandi frumvarpa skóp himinhrópandi ósamræmi, sem nú verður að leiðrétta. Á það benti ég í Þjóðviljanum einnig og þetta viðurkenna allir sem um málið fjölluðu í fyrra, að hafi verið hrein mistök, auðvitað hafi vistheimilin átt sinn fulla rétt í raun framar öðrum.

En varðandi aðalefnisatriðið næst fjárveitingaupphæðunum, um það hvernig fjármagna skuli framkvæmdir í þágu þroskaheftra, þá fara skoðanir okkar Jóhönnu ekki saman í öllu. Ég veit þó ekki hversu náið skal út í það farið hér. Mín skoðun er enn sem fyrr óbreytt — til þessara verkefna, sem vissulega eru forgangsverkefni, er sjálfsagt og eðlilegast að veita fjárveitingum beint úr ríkissjóði hverju sinni. Og ég tel það hreina skyldu fjárveitingavaldsins að fjármagna þessi verkefni myndarlega. Reynslan af Styrktarsjóði vangefinna var í engu nógu góð, alltof oft var þar um óbreytta fjárhæð að ræða, m.a. í fyrra þegar hliðstæð verkefni fengu á fjárlögum beint 50% hækkun minnst.

Þetta er ekki mín einkaskoðun þetta hefur verið skoðun stjórnar Þroskahjálpar frá upphafi. Þetta var skoðun þeirrar nefndar, er lagði fram fullbúið frumvarp um aðstoð við þroskahefta, sem síðan var slengt saman við frumvarpið um Framkvæmdasjóð öryrkja.

Ég dreg ekkert úr góðum vilja Jóhönnu með því frumvarpi sínu eða til þessara mála í heild — síður en svo — frumhlaupið við afgreiðslu fjárlaga verður henni fyrirgefið einmitt þess vegna. En sýndarmennska var það og við þurfum á öðru að halda í erfiðri baráttu fyrir skjólstæðinga okkar.

Við skulum verja því stóraukna fjármagni, sem við nú þó höfum til ráðstöfunar á sem skynsamlegastan hátt, t.d. með því að leggja undirstöðuna með greiningarstöð, en að öðru leyti skulum við gæta þess, að landbyggðin fái réttlátan skerf í sinn hlut.

Mér þykir meira en nóg um öll áformin hér á Reykjavíkursvæðinu, miðað við ástandið hér og á landsbyggðinni. Þau eiga vissulega sinn rétt, en engan forgang umfram svelta landsbyggðina. Það verða áhugasamir aðilar hér syðra að skilja, að við getum ekki haldið áfram að breikka bilið, þvert á móti.

Svo lýk ég máli mínu og hirði ekki um, þó frekari svör verði vegna þessarar greinar. Málið er skýrt frá minni hálfu og þar er ekkert undan að draga.

Helgi Seljan